

Mál nr. 382/2017
M og
vátryggingafélagið V v. launþegatryggingar H.

Líkamstjón vegna umferðarslyss 17.10.2013. Tilkynningarfrestur.

Gögn.

1. Málskot móttakið 27.11.2017 ásamt fylgiskjöllum 1-12.
2. Bréf V dags. 6.12.2017.

Málsatvik.

M lenti í umferðarslysi 17.10.2013 og var slysið tilkynnt til V 12.1.2016. M leitaði til læknis strax eftir slysið og var greind með tognun/ofreynslu á háls hrygg skv. samskiptaseðils læknis dags. 17.10.2013. M hafði samband við lækni 3.1.2014 og lýsti áframhaldandi verkjum og var ráðlagt að fara í meðferð hjá sjúkrahjálfa. M var í meðferð hjá sjúkrahjálfa frá 15.1.2014 til 22.4. s.á. M krefst bóta úr launþegatryggingu H hjá V og segist ekki fallast á að hún hafi fengið vitneskju um atvik sem bótakrafa hennar er reist á þegar hún lauk meðferð hjá sjúkrahjálfa og staðið í þeirri trú að henni myndi batna enda hafi hún orðið betri við meðferðina. Þegar einkennin löguðust ekki hafi hún síðan leitað til lögmanns í desember 2015 og telur að þá fyrst hafi henni orðið ljóst að um varanlegar afleiðingar var að ræða og í kjölfarið leitaði M til heimilislæknis og var send í röntgenmyndatöku og þá sáust töluverðar slitbreytingar á hálsi. V hafnar bótaskyldu og segir að slysið hafi verið tilkynnt eftir að frestur skv. 1. mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2004 var liðinn. V segir M hafa leitað til læknis strax eftir slysið og við skoðun hjá sjúkrahjálfa 6 mánuðum eftir slysið þ.15.4.2014 komi fram m.a. að M hafi verið með aukna stífni í axlaragrind og vöðvar þar eigi það til að stífna upp til að veita hálsinum aukinn stuðning og telur sjúkrahjálfi að M hafi fengið “whiplash” áverka á háls. V segir að M hafi fengið ítarlega skoðun hjá sjúkrahjálfa þ.15.4.2014 og þar hafi einkenni M verið greind, en áður hafi hún tvívegis leitað læknis. V telur að M hafi mátt gera sér grein fyrir varanleika einkenna sinna þegar hún hætti í sjúkrahjálfun í apríl 2014.

Álit.

M varð fyrir slysi 17.10.2013 og leitaði strax til læknis vegna verkja og síðan aftur 3.1.2014. Við skoðun hjá sjúkrahjálfa 15.4.2014 var M greind með “whiplash” áverka. Engin gögn liggja fyrir í málinu um að M hafi leitað til lækna eða meðferðaraðila vegna þeirra meina sem hún lýsir sem afleiðingar slyssins 17.10.2013 frá því að hún fékk greiningu sjúkrahjálfa og þangað til hún leitar til lögmanns í desember 2015. Miðað við fyrirliggjandi læknisvottorð á árunum 2013 og 2014 svo og með greiningu sjúkrahjálfa 15.4.2014 hefði M átt að gera sér grein fyrir varanlegum afleiðingum slyssins á árinu 2014. Þar sem slysið var ekki tilkynnt fyrr en 12.1.2016 var því liðinn sá frestur sem kveðið er á um í 1.mgr. 124.gr. laga um vátryggingasamninga nr. 30/2014. M á því ekki rétt á bótum úr launþegatryggingu H hjá V.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr launþegatryggingu H hjá V.

Reykjavík 23.1.2018.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Guðmundur Stefán Martinsson lögfr.

Jón Magnússon hrl.